# REGLUR

**um breytingu á reglum um meistaranám við menntavísindasvið Háskóla Íslands, nr. 501/2011.**

1. gr.

Í 7. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, sem verður 2. mgr., og orðast svo: Ef umsækjandi um meistaranám sem leiðir til leyfisbréfs kennara hefur hvorki lokið framhaldsskóla- né háskólanámi á íslensku skal hann hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku á stigi B2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum (CEFR).

2. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 22. janúar 2026.*

**Silja Bára R. Ómarsdóttir.**

*Magnús Jökull Sigurjónsson.*

B deild - Útgáfudagur: 5. febrúar 2026